



Hörðuvallaskóli

Kennsluáætlun 2025-2026

Bekkur: 2. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Fjöldi kennslustunda á viku: 7 stundir á viku

Kennarar: Andrea Marie, Arna Lind, Brynhildur Olga og Guðbjörg (Bogga).

Markmið: Megintilgangur náms og kennslu í íslensku er að nemendur fái tækifæri til að efla málnotkun, tjáningu og sköpun í töluðu og rituðu máli, nota málið og kynnast mætti þess og fjölbreytileika í daglegu lífi, leik og starfi. (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2024).

Kennsluaðferðir: Byrjendalæsi þar sem unnið með lestur og orðaforða, lesskilning, ritun, málfræði og tjáningu (sjá markmiðalista neðar í skjali). Áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og samvinnu. Einnig notum við G-PALS í lestrarþjálfun.

Námsgögn: Fjölbreyttar bækur sem styðja við námsaðferðir byrjendalæsis, Ritrún 1, Litla Lesrún, Góður betri bestur 2a og 2b, ljósritað efni frá kennara og notast við námsöpp í spjaldtölvum.

Námsmat: Frammistaða nemanda er metin út frá þeim hæfniviðmiðum sem unnið er með hverju sinni út frá Aðalnámskrá grunnskóla. Hæfniviðmiðin eru metin út frá eftirfarandi matskvarða:

1.-2.bekkur	3.-10.bekkur		
Ekki gefið A	A	Framúrskarandi	Nemandinn sýnir framúrskarandi hæfni miðað við matsviðmið.
B+	B+	Mjög góð hæfni	Nemandinn sýnir þá hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið, auk þess sem hann hefur að hluta til sýnt framúrskarandi hæfni.
B	B	Hæfni náð	Nemandinn sýnir þá hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið.
C+	C+	Á góðri leið	Nemandinn sýnir hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið. Vantar herslumuninn upp á að hæfni sé náð.
C	C	Þarfnast þjálfunar	Nemandinn sýnir hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið en þarfnast þjálfunar á ákveðnum sviðum.
Ekki gefið D	D	Hæfni ekki náð	Hæfni nemanda í námi nær ekki matsviðmiðum. Gera þarf grein fyrir hæfni nemanda út frá einstaklingsmiðaðri námskrá og áætlun.

Nemendur og foreldrar/forráðamenn hafa aðgang að námsmatinu á Mentor. Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir allt skólaárið.

Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar



Hörðuvallaskóli

Tímabil	Námsþáttur	Hæfniviðmið	Námsmat
Ágúst - Október	G- PALS lestur Lesskilningur Ritun Skrift Málfræði Ljóð	beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel og merking texta komist til skila,	Lesfimi
Nóvember	G- PALS lestur Lesskilningur Ritun Skrift Málfræði	búið til setningar og málsgreinar og notað til þess algengar samtengingar, dregið rétt til stafs, skrifað skýrt og læsilega og á lyklaborð,	Verkefni og vinna í kennslustund - söguvegur
Desember	G- PALS lestur Lesskilningur Ritun Skrift Málfræði	raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag. hlustað og horft af athygli á valið efni og greint frá upplifun sinni,	Verkefni og vinna í kennslustund Jólasaga, rithöfundar í sal
Janúar - febrúar	G- PALS lestur Lesskilningur Ritun Skrift Málfræði	valið og lesið sér til ánægju fjölbreytt lesefni sem hæfir aldri. unnið með ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum,	Ritunarverkefni - kastalinn Val á bókum og yndislestur
Mars - apríl	G- PALS lestur Lesskilningur Ritun Skrift Málfræði	skilið augljós efnisatriði valinna texta, greint og lagt mat á inntak þeirra og dregið einfaldar ályktanir,	Verkefni og vinna í kennslustund Alþingisbók
Mái	G- PALS lestur Lesskilningur Ritun Skrift Málfræði Ljóð	leikið sér með margræðni tungumálsins svo sem í gegnum orðtök, einfalda málshætti og föst orðasambönd, hlustað og horft af athygli á valið efni og greint frá upplifun sinni,	Verkefni og vinna í kennslustund